

Fundargerð:

Samstarfsnefnd um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps

Samstarfsnefnd um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps kom saman til fundar þann 13. febrúar 2026 kl. 09:00 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu:

- Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi
- Halldór Logi Friðgeirsson, Kaldrananeshreppi
- Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppi
- Eva Sigurbjörnsdóttir, Árneshreppi
- Arinbjörn Bernharðsson, Árneshreppi
- Delphine Briois, Árneshreppi
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Kosning formanns og varaformanns

Eva tilnefndi Finn sem formann og Arinbjörn sem varaformann.

Samstarfsnefnd samþykkir samhljóða að Finnur Ólafsson verði formaður nefndarinnar og Arinbjörn Bernharðsson varaformaður.

2. Tilkynning um kosningar til Þjóðskrár

Jón Hrói upplýsti að tilkynning um ákvörðun sveitarstjórna Árneshrepps og Kaldrananeshrepps um að íbúakosningar um sameiningu sveitarfélaganna skuli fara fram 14.-28. mars hafi verið send þjóðskrá. Þjóðskrá hefur jafnframt verið upplýst um

3. Umsókn um stuðning til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Jón Hrói fór yfir kostnaðaráætlun verkefnisins. Formanni falið að senda umsókn til um framlag vegna viðræðnanna til ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

4. Kynningaráætlun fyrir kosningar

Farið yfir áætlun um kynning fyrir íbúum í aðdraganda íbúakosninga.

Ákveðið var að birta álit samstarfsnefndar ásamt forsenduskjali á heimasíðum sveitarfélaganna þegar það hefur verið undirritað af fulltrúum í samstarfsnefnd.

Samþykkt að senda auglýsingu í Lögbirtingarblaðið og í Bændablaðið. Ráðgjöfum falið að senda fréttatilkynningu á fjölmiðla.

Ákveðið að útbúa dreifibréf til að dreifa til íbúa í viku 10 (2.-8. mars). Hildur tekur að sér að setja upp dreifibréfið.

Ákveðið að halda íbúafundi mánudaginn 9. mars nk. Fundurinn í Árneshreppi verður haldinn kl. 14:00 í félagsheimilinu Árnesi og fundurinn í Kaldrananeshreppi í samkomuhúsinu Baldri kl. 19:30. Fundunum verður streymt á netinu.

Samstarfsnefnd mun nýta facebooksíður og heimasíður sveitarfélaganna .Nefndarmenn mæti á báða.

5. Álit samstarfsnefndar

Umræður um álit samstarfsnefndar. Eftirfarandi álit var samþykkt samhljóða:

„Kröfur til þjónustu sveitarfélaga fara sífellt vaxandi sem og þrýstingur á að lítil sveitarfélög sameinist öðrum með það að markmiði að tryggja þjónustu við íbúa. Á sama tíma óttast íbúar smærri sveitarfélaga það að missa nærþjónustu sem er þeim mikilvæg við sameiningu við stærri sveitarfélög og áhrif á ákvarðanir sem varða þeirra nánasta umhverfi.

Samstarfsnefnd telur að sameining Árneshrepps og Kaldrananeshrepps geti orðið til þess að styrkja samfélagið og tryggja íbúum lögbundna þjónustu án þess að íbúar þurfi að afsala sér áhrifum eða nærþjónustu. Sameinað sveitarfélag yrði fjárhagslega vel í stakk búið til að veita lögbundna þjónustu og sinna faglegri stjórnsýslu.

Það er því samdóma álit samstarfsnefndar að það sé vænlegur kostur fyrir íbúa Árneshrepps og Kaldrananeshrepps að taka höndum saman og sameina sveitarfélögin.

Bæði sveitarfélög eru vel stæð fjárhagslega. Sameining myndi hafa jákvæð áhrif á fjárhag og fjárfestingargeta sameinað sveitarfélags yrði meiri en sveitarfélaganna hvors í sínu lagi. Áætlað er að árleg jöfnunarframlög muni hækka um 12-15 m.kr. við sameiningu, auk þess sem sameinað sveitarfélag fengi um 200 m.kr. í sérstök sameiningarframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á næstu sjö árum.

Samstarfsnefnd álitur að sameining Árneshrepps og Kaldrananeshrepps sé í samræmi við markmið stjórnvalda um eflingu sveitarstjórnarstigsins og muni tryggja íbúum sveitarfélaganna skjól fyrir kröfum um frekari sameiningar í nánustu framtíð“.

Einnig farið yfir vilja samstarfsnefndar um framtíðarsýn fyrir sameinað sveitarfélag sem fylgir álitinu í erindum til sveitarstjórna. Ráðgjöfum falið að ganga frá bréfunum til rafrænnar undirritunar.

6. Forsendur álits samstarfsnefndar um sameiningu

Farið yfir skjalið „Könnun á möguleikum á sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps - Forsendur álits samstarfsnefndar um sameiningu“ og það uppfært samkvæmt ábendingum nefndarmanna.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:40.